



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2006

Tilvísun: UST20060300090/bs


Lagning bráðabirgðavegar að upptakasvæði stoðvirkja í Fífladölum. Tilkynning um matsskyldu


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða lagningu 2,5 km bráðabirgðavegar að upptakasvæði stoðvirkja í Fífladölum. Ekki er ráðgert að flytja að efni til vegagerðar, sneiðingar verða dregnir saman og græddir upp að framkvæmdum loknum þar sem vegurinn liggur um gróið land. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi fyrst og fremst sjónræn áhrif í för með sér. Unnt er að draga verulega úr þessum áhrifum með þeim vinnubrögðum sem ráðgert er að viðhafa við gerð vegarins og frágang vegsvæðisins að verki loknu samkvæmt upplýsingum í tilkynningu.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því tilskildu að staðið verði að frágangi eins og honum er lýst í tilkynningu Framkvæmdasýslu ríkisins.

Umhverfisstofnun óskar þess að samráð verði haft við stofnunina um frágang í Hafnarhrynu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður